



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn Iceland s: 464-4163 f. 464-4363, netf. gudrunm@myv.is

Fundargerð Skólanefnd

6. fundur

Skólanefndarfundur haldinn í Reykjahlíðarskóla 4. apríl 2011 kl: 15:30

Mætt voru: Þuríður Helgadóttir formaður, Eyþór Pétursson, Þórhalla Valgeirsdóttir, Sigurður Böðvarsson og Friðrik Jakobsson, einnig fulltrúi foreldra Sigríður Sigmundsdóttir

1. Fundarsetning.

Þuríður setti fund, og bauð fundarmenn velkomna. Formaður lagði til að fundargerð verði rituð og samþykkt í lok fundar og var það samþykkt. Þá bauð hún Sigurð að taka niður umræðupunkta sem hann samþykkti.

2. Staðan í húsnæði leikskóla.

Formaður fór á fund sveitarstjóra og fékk þau svör að verið væri að kanna kostnað við lausa stofu (hús) sem sett verði niður við núverandi húsnæði leikskólans. Sveitarstjóri upplýsti formann um að ekki væri byrjað að kanna kostnað vegna tillögu skólanefndar frá 4. febrúar. Nokkrar umræður voru um þetta og skólanefnd ítrekar að sveitarstjórn svari tillögum skólanefndar frá 4. febrúar.

3. Formaður las þingsályktunartillögur nr. 274 og 284.

Fundarmenn styðja þessar tillögur

4. Önnur mál

- Formaður dreifði bréfi vegna námskeiða fyrir skólanefnd og hvatti fundarmenn til þátttöku.
- Sólveig skólastjóri bauð formann að leggja fyrir breytingu á skóladagatali. Breytingin felur í sér að starfsdagur sem vera átti 26. maí er færður aftur fyrir skóladaga nemenda og skólaslit eru færð frá 1. júní til 25. maí. Skólaslit eru færð til vegna utanfarar 9. og 10. bekkja, en nemendur eiga eftir að vera fjóra daga í skólanum eftir slitin. Skólanefnd hefur ekkert við þetta að athuga.

- c. Sigurður spurði eftir málalokum í trúnaðarmáli frá því í haust. Formaður mun spyrjast fyrir um það.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 17:00